

Mars 2026

Stafræn verkefni og gagnamál í félagsþjónustu


Framtíðarsýn félags- og húsnæðismálaráðuneytisins
og Sambands íslenskra sveitarfélaga



Stjórnarráð Íslands
Félags- og húsnæðismálaráðuneytið



Samband íslenskra
sveitarfélaga



Skýr framtíðarsýn

Framtíðarsýn þessi er sameiginleg sýn félags- og húsnæðismálaráðuneytisins (FRN) og Sambands íslenskra sveitarfélaga (Sambandsins) um stafræn verkefni og gagnamál í félagsþjónustu. Hún er unnin og sett fram í tengslum við samkomulag þessara aðila um öflun og nýtingu gagna og stafræna þróun hins opinbera í félagsþjónustu sem var undirritað 7. nóvember 2025.

Efnisyfirlit

- 3 **Markmið**
- 4 **Áskoranir**
- 5 **Átta áherslur**
- 6 Skráning og flæði gagna
- 7 Tölfræði og úrvinnsla / Stafræn þjónusta og velferðartækni
- 8 Stoð í lögum
- 9 Samstarf FRN, Sambandsins og annarra hagaðila
- 10 Samstarf um innkaup og ábatagreiningar
- 11 Stefnur og samskiptakerfi
- 12 Ein þjónustugátt í félagsþjónustu – island.is
- 13 **Tímarammi og áætlanir**



Ísland verði leiðandi í gagnadrifinni nálgun í félagsþjónustu

Markmið með sameiginlegri framtíðarsýn um stafræna þróun og gagnamál er að allir lykilaðilar sem starfa að félagsþjónustu verði sammála um grunnskipulag, gögn, gagnasöfn, tengingar og hagnýtingu gagna með það að markmiði að tryggja samfellda þjónustu þvert á stjórnsýslustig, skynsamlega nýtingu fjármagns í málaflokknum og tengingu stefnumótunar og fjárfestinga í aðgerðum í þágu notenda þjónustu með traustum og mælanlegum markmiðum, þvert á kerfi.

Þetta samstarf um sameiginlega framtíðarsýn er afar mikilvægt og gefur Íslandi tækifæri á því að verða leiðandi í gagnadrifinni nálgun og heildarsýn á sviði félagsþjónustu.



Áskoranir

Við erum að gera vel, en samræmi vantar



Upplýsingar

Upplýsingar um réttindi og grunnþjónustu eru á mörgum stöðum, undir mismunandi nöfnum og stundum takmarkaðar. Ekki auðvelt fyrir fólk að vita hvert það eigi að leita.

Umsóknir

Umsóknir um lögbundna félagsþjónustu er á mismunandi formi á mörgum stöðum og ferli og mat á umsóknum er oft ólíkt. Flókið fyrir fólk sem fer á milli sveitarfélaga og oft krafa um endurmat.

Flæði gagna

Gögn fylgja ekki einstaklingnum og eru ekki aðgengileg á milli þjónustuaðila. Samstarf þungt, mikil vinna í símtöl og samþætting þjónustu flókin.

Yfirsýn og tölfræði

Yfirsýn yfir félagsþjónustu í landinu ekki næg og samræmd gögn ekki til. Ákvarðanir, forgangsröðun og þróun málaflokksins byggðar á takmörkuðum gögnum.

Stafrænar lausnir og tækni

Erfitt að nýta tækifæri í stafrænum lausnum og tækni til að einfalda líf fólks og bæta þjónustu vegna takmarkaðra samræmdra gagna.



8

áherslur framtíðarsýnarinnar

Skráning og flæði gagna

Tölfræði og úrvinnsla

Stafræn þjónusta og velferðartækni

Stoð í lögum

Samstarf FRN, Sambandsins og annarra hagaðila

Samstarf um innkaup og ábatagreiningar

Stefnur og samskiptakerfi

Ein þjónustugátt í félagsþjónustu – island.is

Skráning og flæði gagna

Samræmd grunnskráning

Samræmd grunnskráning verði í allri lögbundinni félagsþjónustu. Það sem verði skráð og með hvaða hætti getur verið breytilegt, en að lágmarki skal skrá að þjónustan hafi verið veitt, hverjum hún var veitt, hver veitti og hvenær. Við skilgreiningu á samræmdri grunnskráningu skal hafa í huga að það sé skýr þörf fyrir gögnin og hvernig þau verði notuð og að skráningin sé ekki íþyngjandi heldur nýti helst upplýsingar sem þarf að skrá vegna veitingu þjónustunnar.

Gögn ekki vistuð á mörgum stöðum

Almennt verði gögn ekki vistuð á mörgum stöðum heldur verði aðilar tengdir saman og aðgengi að gögnum á milli aðila verði tryggt og að ekki verði gerð afrit af gögnum nema sérstök þörf sé á því.

Flæði gagna á milli þjónustuaðila

Öll helstu þjónustustig, veitendur og notendur í félagsþjónustu verði samtengd og gögn flæði stafrænt á milli aðila eftir því sem við á.



2

Tölfræði og úrvinnsla

Gögn fyrir tölfræði og úrvinnslu

Öll helstu gögn fyrir tölfræði og úrvinnslu í félagsþjónustu verði aðgengileg á einum stað fyrir FRN, sveitarfélög, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, Hagstofuna og aðra þá sem þurfa gögnin til að sinna lögbundnum verkefnum.

Stafræn þjónusta og velferðartækni

Stafræn þjónusta og sjálfsafgreiðsla

Stutt verði við stafræna þjónustu og sjálfsafgreiðslu til að bæta félagsþjónustu og aðgengi einstaklinga að eigin gögnum og stöðu, t.d. á biðlistum.

Velferðartækni

Markvisst verði unnið að nýtingu velferðartækni til að gera sem flestum mögulegt að búa sjálfstætt utan stofnana.



Stoð í lögum

Samræmd grunnskráning lögbundin

Stefnt verði að því að tryggð verði með lögum að allir sem sinna lögbundinni félagsþjónustu skuli sinna samræmdri grunnskráningu og þeim sé heimilt og skylt að deila gögnum með öðrum opinberum aðilum sem þurfi gögnin til að sinna lögbundnum verkefnum með sem bestum hætti.

Heimildir FRN til vinnslu

Tryggt verði að FRN hafi heimild til að taka á móti og vinna úr gögnum samræmdrar grunnskráningar í félagsþjónustu.



Samstarf FRN, Sambandsins og annarra hagaðila

Stýrihópur stafrænna verkefna og gagnamála

Stýrihópur fyrir samkomulag FRN og Sambandsins frá nóv 2025 verði ábyrgur fyrir því að framfylgja stefnu þessari og halda utan um þau samstarfsverkefni FRN og Sambandsins sem eru hluti af því að ná markmiðum stefnunnar. Stýrihópurinn verði starfandi svo lengi sem ekki hefur verið komið á fót öðru fyrirkomulagi sem tryggir að annar aðili taki við ábyrgð stýrihópsins og hlutverki. Stýrihópurinn skal vinna sín verkefni í samstarfi við aðra opinbera aðila til að tryggja samræmi og samfellda þjónustu þvert á stjórnsýslustig eftir því sem kostur er.

Sérfræðihópur um samræmda grunnskráningu

FRN skipi sérfræðihóp sem verði ábyrgur fyrir því að gefa út og viðhalda skilgreiningu á grunnskráningu í allri lögbundinni félagsþjónustu sem sveitarfélögum er ætlað að fylgja. Hópurinn vinni á grundvelli samkomulags FRN og Sambandsins til að byrja með og gefi þá út leiðbeiningar, en á grundvelli laga til lengri tíma og gefi þá út fyrirmæli. Leiðbeiningarnar eru ætlaðar þeim er skrá og vinna með gögnin og þeim sem sjá um gerð hugbúnaðar eða annarra lausna til skráningar og vinnslu gagnanna.



Samstarf um innkaup og ábatagreiningar

Samstarf um innkaup og rekstur

FRN og sveitarfélögin skoði tækifæri í sameiginlegum innkaupum og rekstri hugbúnaðarlausna fyrir skráningu og stafræna vinnslu. Þannig má nýta kaupmátt ríkis og sveitarfélaga til að fyrirbyggja múramyndun milli ólíkra þjónustuveitenda og stjórnsýslustiga og ná fram hagkvæmni og skilvirkni í innkaupum, rekstri og áframhaldandi þróun umhverfisins.

Í samstarfinu verði sérstaklega skoðað og lögð áhersla á að byggja á þeirri vinnu og þróun lausna sem þegar hafa verið unnar hjá sveitarfélögum eins og Veitu og Búa og tryggja samhæfni við það sem þegar er í umhverfinu. Með því nýtist áunnin reynsla sem stuðlað getur að hraðari og hagkvæmari innleiðingu á landsvísu.

Þarfa- og ábatagreiningar

Vinna skal þarfa- og ábatagreiningu og kostnaðar- og fjárfestingaáætlun fyrir öll stærri samstarfsverkefni FRN og Sambandsins.



Stefnur og samskiptakerfi

Stefnur um opinbera þjónustu og þróun

Öll þróun og innviðir skulu taka mið af stefnu um opinbera þjónustu, stefnu hins opinbera í stafrænni þróun og tæknimálum og stefnum island.is

Öruggt samskiptakerfi

Sending grunngagna á milli þjónustuaðila og aðgengi að gögnum fyrir tölfræði skulu fara yfir öruggt samskiptakerfi hins opinbera (Strauminn) og skulu þjónustuaðilar tryggja tengingar við umhverfið og uppfylla þær kröfur sem samskiptaleiðin gerir.



Ein þjónustugátt í félagsþjónustu: Island.is

Ein þjónustugátt óháð búsetu

Island.is verði þjónustugátt félagsþjónustu og fyrsta stopp fólks sem leitar að upplýsingum og þjónustu og þar verði fólk leitt áfram eftir því sem við á.

Upplýsingar og umsóknir á einum stað

Upplýsingar um réttindi, hvaða grunnþjónusta er í boði, umsóknir, upplýsingar um eigin stöðu t.d. hvað varðar bið, aðgengi að eigin gögnum eftir því sem við á og aðrar upplýsingar um félagsþjónustu verði aðgengilegar í gegnum island.is.

Stefnt verði að því að taka upp sameiginlegt verklag fyrir sveitarfélög og að umsóknir og mat á umsóknum um lögbundna þjónustu verði samræmd og nýtt af öllum sem veita þjónustuna.

Aðgengi fyrir alla

Tryggja skal að þjónusta island.is verði aðgengileg öllum og að sem fæstir þurfi að treysta á umboðsmenn til að nýta hana.



Tímarammi og áætlanir

1

Framtíðarsýn um stafræn verkefni og gagnamál í félagsþjónustu

Stefnt skal að því að öllum meginmarkmiðum framtíðarsýnarinnar verði náð fyrir lok árs 2028.

2

Aðgerðaáætlun

Til að ná markmiðum framtíðarsýnarinnar verði skilgreind aðgerðaáætlun með þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að ná öllum markmiðunum.

3

Framkvæmda- og kostnaðaráætlun

Gerð verði framkvæmda- og kostnaðaráætlun fyrir eitt ár í senn.



Stjórnarráð Íslands
Félags- og húsnæðismálaráðuneytið



**Samband íslenskra
sveitarfélaga**

